

Alþingi
indi nr. P 130/2419
dagur 10.5.2004



Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála
Háskóla Íslands
Odda við Sturlugötu
101 Reykjavík

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík 9. maí 2004.

Til allsherjarnefndar Alþingis

Varðar ósk um umsögn

um frumvarp um útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál, eignarhald á fjölmiðlum

Vísað er til bréfs, dags. 4. maí 2004, þar sem Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er sent ofangreint frumvarp til umsagnar. Stofnuninni er ætlað að stuðla að umræðu og umbótum í stjórnsýslu og á að vera vettvangur umræðna um stefnumörkun opinberra aðila, þ.á m. um hlutverk fjölmiðla í opinberri stefnumörkun. Frumvarpið sem nú er til umfjöllunar hjá allsherjarnefnd snertir því hlutverk og verkefni stofnunarinnar.

Málið er hins vegar flókið og getur snert bæði stjórnarskrá Íslands og þjóðréttarlega samninga, auk þess sem meta þarf hvort þær lagabreytingar sem að er stefnt séu hæfilegar og í senn nægilega virkar til að ná yfirlýstum markmiðum. Á þeim skamma tíma sem ætlaður er til umsagna treystir stofnunin sér ekki til að veita umsögn um þau flóknu álitaefni.

F.h. Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Margrét S. Björnsdóttir framkvæmdastjóri